



Ytra mat

Leikskóli Fjallabyggðar

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2017.
ISBN 978-9979-0-2168-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskóli Fjallabyggðar	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	17
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	17
Námssvið	17
Velferð og líðan barna.	19
Mat á námi og velferð barna	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	21
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	21
Viðhorf foreldra	21
Samstarf við grunnskóla	21
Annað samstarf	22
Skóli án aðgreiningar.	22
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku.	23
Innra mat	23
Matsþættir	25
Samantekt.	26
Lokaorð	29
Heimildir.	30

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskóli Fjallabyggðar varð til við sameiningu leikskólans Leikhóla á Ólafsfirði og Leikskála á Siglu- firði árið 2010. Að álit matsmanna uppfyllir húsnæði beggja starfsstöðva kröfur er varðar rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Útísvæði á báðum stöðum er fjölbreytt og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum en gera þarf úrbætur á útileiksvæði beggja starfsstöðva í leikskólanum. Hlutfall leikskólakennara af starfsmannahópnum er 19,44% sem uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu leikskólakennara. Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu og áherslum sveitarfélagsins og hefur sett sér gildi/einkunnarorð fyrir starfið en gera þarf þau sýnilegri fyrir starfsmenn og foreldra.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Góð samvinna er við skóla- og félagsþjónustu Fjallabyggðar um skólaþjónustu. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslu- og frístundanevnd sem fer með faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Unnin er símenntunaráætlun og að mati starfsmanna eru tækifæri til símenntunar góð. Metnaður er í starfsmannahópnum til að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Nokkuð er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólastarfið, svo sem skólanámskrá, skóladagatal og starfsáætlun. Einnig skal nefna handbók fyrir starfsmenn, foreldrahandbók fyrir nýja foreldra, áætlun um viðbrögð við áföllum, rýmingaráætlun og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Þörf er á að skrá verklag um móttöku nýrra starfsmanna, einnig verkferla vegna slysa og gera þá sýnilega á deildum. Gera þarf rýmingaráætlun sýnlega á öllum deildum. Endurskoða ætti verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Leita þarf leiða til að samræma starfsemi og starfsaðferðir Leikhóla og Leikskála í átt að einum leikskóla, mynda einn samheldinn starfsmannahóp og vinna að því að bæta starfsanda og líðan starfsmanna.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn vinnur samkvæmt skólanámskrá og starfsáætlun og einkunnarorð leikskólans eru, það er leikur að læra. Leikskólinn vinnur með *Dyggðir (Hugur, hjarta og hönd)* og *Uppeldi til ábyrðar*. Áhersla er á útiveru og tækifæri til vettvangsferða og útináms eru mjög góð. Unnið er með ritmál og læsi en leikskólinn hefur í samstarfi við skólasamfélagið í Fjallabyggð mótað sér læsisstefnu. Daglegar áherslur eru á frjálsan leik og val. Lýðræðisþátttaka barna felst helst í valkerfi á báðum starfsstöðum sem er útfært með mismunandi hætti. Börnin sýna styrkleika í samskiptum og samtölum og þeim líður vel í leikskólanum. Upplýsingar um börn með sérþarfir eru í markvissum farvegi. Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum. Þörf er á að vinna markvisst að því að samræma fagstarfið í leikskólanum. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð milli starfsmanna á deildum en þörf er á að efla samstarf starfsmanna milli deilda. Æskilegt er að vinna að því að auka fjölbreytni í mati á námi og velferð barna og auka þekkingu starfsmanna á uppeldislegru skráningu. Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að gera nánari grein fyrir innra mati.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er leikskólastjóri tengiliður við það. Foreldrafélög eru starfandi á báðum starfsstöðvum; þau eru í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn og styðja vel við leikskólastarfið. Foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólastarfið en þörf er á að auka og samræma daglegar upplýsingar til foreldra um framfarir og líðan barna og uppeldisstarfið. Skipulagt samstarf er milli leikskóla og grunnskóla og einnig er leikskólinn í samstarfi við Tónskóla Ólafsfjarðar. Nær- sam-

félagið í Fjallabyggð er opið fyrir samstarfi við leikskólann. Leggja þarf áherslu á að foreldraráð fundi reglulega, geri fundargerðir og sjái til þess að fundargerðir og starfsáætlun foreldraráðs verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Skoða mætti möguleika á að sameina foreldrafélögin í leikskólanum.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjórar eru starfandi á báðum starfsstöðvum og bera báðir ábyrgð á skipulagi sérkennslu, hvor á sinni starfsstöð. Vel er staðið að sérkennslu/stuðningi barna og fer þjálfun og stuðningur að mestu fram í barnahópnum. Foreldrar eru ánægðir með hvernig stuðningsaðilar vinna með sérkennslu/stuðning. Sjá þarf til þess að foreldrar komi að gerð einstaklingsnámskrár og séu þátttakendur í teymi viðkomandi barns. Gera þarf verkferla um framkvæmd sérkennslu í leikskólanum. Æskilegt er að mótuð verði stefna í leikskólanum í málum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Leikskólinn nýtir sér viðurkenndar matsaðferðir við mat á leikskólastarfinu og við gerð umbótaáætlunar er byggt á niðurstöðum úr innra mati. Gera þarf stjórnendateymi ábyrgt fyrir undirbúningi og skipulagningu á innra mati og ákvarðanatöku um hvað á að meta hverju sinni. Leggja þarf áherslu á að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn. Leikskólinn þarf að gera áætlun um innra mat á starfi leikskólans nokkur ár fram í tímann. Æskilegt er að við endurskoðun á skólanámskrá verði gerð nánari grein fyrir innra mati.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 25.-28. september 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
- að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 8. sept. 2017 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og tvo sérkennslustjóra. Haft var samband við deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmáladeildar Fjallabyggðar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlustrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskóli Fjallabyggðar

Leikskóli Fjallabyggðar var sameinaður úr tveimur leikskólum, Leikskálum Siglufirði og Leikhólum Ólafsfirði. Formlega átti sameiningin sér stað árið 2010.³ Starfsstöðvarnar eru tvær, önnur á Siglufirði (Leikskálar) þar sem eru fimm leikskóladeildir og 77 börn og hin á Ólafsfirði (Leikhólar) þar sem eru þrjár leikskóladeildir og 42 börn. Samtals eru 119 börn í sameinuðum leikskóla. Börnin eru á aldrinum níu mánaða til sex ára. Þrjú börn njóta stuðnings/sérkennslu og níu börn eiga annað móðurmál en íslensku. Opnunartími leikskólans er 7:45-16:15.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 36 starfsmenn í alls 28,5% stöðugildum, einn karlmaður og 35 konur. Leikskólakennarar eru sjö og er hlutfall þeirra af starfsmannahópnum 19,44%. Leikskólinn uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Við leikskólann starfa auk sjö leikskólakennara tveir grunnskólakennarar, einn aðstoðarleikskólakennari, þrír leikskólaliðar, tveir félagsliðar og einn iðjuþjálfari. Aðrir eru ófaglærðir.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með leikskólakennaramenntun, þeir eru í 200% starfi sem stjórnendur. Tveir sérkennslustjórar starfa við leikskólann báðir í 50% starfi, annar er í leikskólakennaranámi en hinn er iðjuþjálfari. Átta deildarstjórar starfa í leikskólanum og eru sex þeirra með leikskólakennaramenntun. Nokkur starfsmannavelta hefur verið á leikskólanum síðastliðið ár.

Að sögn deildarstjóra Fræðslu-, frístunda- og menningarmála lítur nefndin svo á að í leikskólanum sé verið að vinna faglegt og traust starf og starfsmenn almennt að leggja sig fram við starfið.⁴

Húsnæði

Leikskálar hýsa fimm leikskóladeildir. Ár er síðan húsnæðið var stækkað og bætt við tveimur deildum fyrir yngsta aldurshópinn. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskóláhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Húsnæði er rúmgott, lýsing og hljóðvist góð. Húsið skiptist í tíu heimastofur auk salernisaðstöðu og sér inngang með fataklefa fyrir hverja deild í eldri hluta hússins. Í nýrri viðbyggingu þar sem yngri börn dvelja er einn inngangur og tveir samliggjandi fataklefar. Fjölnota rými í leikskólanum er listaskáli og íþróttaskáli. Rými er fyrir sérfræðiþjónustu. Ekki er sérstakt rými til fundarhalda en skrifstofur leikskólastjóra, sérkennslurými og kaffistofa starfsmanna er notað til minni fundarhalda. Sameiginlegt rými á gangi er notað til stærri fundarhalda. Sameiginlegt vinnurými er fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Undirbúningsherbergi er fyrir starfsmenn, setustofa, hreinlætisaðstaða, læstir skápar og sér inngangur með fatahengi. Þá er í húsnæðinu framreiðslueldhús og búr. Aðstaða er í leikskólanum fyrir hreyfileiki og sameiginlegt leikrými á gangi og listaskáli er fyrir allan leikskólann.

Leikhólar hýsa þrjár leikskóladeildir. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskóláhúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Húsnæði er rúmgott, lýsing og hljóðvist góð. Húsið skiptist í sex heimastofur og fataklefa fyrir hverja deild. Rými er fyrir sérfræðiþjónustu. Ekki er sérstakt rými til fundarhalda en skrifstofur leikskólastjóra, sérkennslurými og salur leikskólans er notað til fundarhalda. Sameiginlegt vinnurými er fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Undirbúningsherbergi er fyrir starfsmenn, setustofa, hreinlætisaðstaða, læstir skápar og sér inngangur með fatahengi. Þá er í húsnæðinu framreiðslueldhús og búr. Aðstaða er í sal leikskólans fyrir hreyfileiki. Á báðum starfsstöðvum er lögð áhersla á að nýta húsnæðið vel í þágu barnanna.

3 Viðtal við leikskólastjóra.

4 Deildarstjóri Fræðslu-, frístunda- og menningarnefndar.

Útileiksvæði

Útileiksvæði við bæði húsin eru rúmgóð en á báðum stöðum er þörf fyrir lagfæringar. Hafin er vinna við að endurskipuleggja og endurbæta útileiksvæðið á Leikskálum og áætlað að ljúka því á næstu tveim árum.⁵ Stór hluti leiksvæðisins er í brekku og í viðtölum við foreldra kom fram mikil óánægja með það. Foreldrar voru sérstaklega ósáttir við leiksvæði sem ætlað er yngstu börnunum, það væri ekki afgirt og stórir steinar í kringum sandkassann. Einnig nefndu foreldrar að of oft kæmi fyrir að börnin meiddust á leiksvæðinu og að starfsmenn væru ekki nógu duglegir við að dreifa sér um leiksvæðið og fylgjast með börnunum.⁶

Útileiksvæðið á Leikhólum þarfnast einnig endurbóta, þörf er á að endurnýja leiktæki og almennt lagfæra leiksvæðið. Í rýnihópi foreldra kom fram óánægja með viðhald leikskæðisins þar, þar væru ónýt leiktæki og því nauðsynlegt að endurnýja garðinn sem fyrst.⁷

Hugmyndafræði og áherslur

Starfsárið 2010 komu allir starfsmenn Leikskála og Leikhóla að því að móta sameiginleg gildi fyrir leikskóla Fjallabyggðar. Stefna leikskólans var unnin á vinnufundum beggja starfsstöðva. Foreldrar og börn komu ekki að gerð hennar. Allir starfsmenn sameinuðust um gildi leikskólans sem er, það er leikur að læra og markmið leikskólans er, *Að búa börnum og starfsmönnum öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi*. Frjáls leikur er hluti af áherslum leikskólans og fær gott rými í leikskólastarfinu. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum og starfsmönnum er unnið er með lífsleikni í leikskólanum, verkefni sem kallast *Dyggðir* eða *Hugur, hjarta og hönd*. Einnig er unnið með stefnuna Uppeldi til ábyrgðar en grundvallaratriði hennar er að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga á jákvæðan hátt. Í leikskólanum er unnið með læsisverkefnið *Lubbi finnur málbein* sem er íslenskt námsefni ætlað til málörvunar og íslenskukennslu barna.⁸ Þessir áhersluþættir koma ekki fram í námskrá leikskólans.⁹ Deildarstjórar á báðum stöðum töldu vel unnið með alla áhersluþætti og auk þess nefndu deildarstjórar á Leikskálum að leikurinn væri þeirra námsleið. Starfsmenn Leikhóla töldu ekki nægilega eftirfylgni með innlögð stefnunna *Uppeldi til ábyrgðar* en hins vegar töldu starfsmenn Leikskála að áherslur leikskólans fléttist inn í allt starf leikskólans.¹⁰

Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi og markmið fyrir leikskólann.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnanna.
- Lögð er markviss áhersla á lífsleikni og jákvæðan sjálfsaga.
- Leikskólinn hefur mótað sér læsistefnu.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir börnin.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf áherslu á að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í leikskólanum.
- Gera þarf umbætur á útileiksvæði beggja húsa.
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri starfsmönnum og foreldrum.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Samræma þarf starfsaðferðir milli starfsstöðva.

5 Viðtal við leikskólastjóra.

6 Rýnihópur foreldra á Leikskálum.

7 Rýnihópur foreldra á Leikhólum.

8 Viðtal við stjórnendur og rýnihópa deildarstjóra.

9 Námskrá leikskólans.

10 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Fjallabyggð. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslu- og frístundanevnd, skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Nefndin fer með faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Hún fundar að meðaltali einu sinni í mánuði. Reglulega eru málefni leikskólans tekin fyrir á fundum nefndarinnar. Skólastjórar sitja alltaf þann hluta fundarins sem málefni þeirra stofnana eru rædd og þar fær nefndin kynningu leikskólastjóra á innra starfi svo sem með yfirferð yfir starfsáætlun, niðurstöður kannana og sjálfsmatsskýrslu.¹¹ Áherslur Fjallabyggðar endurspeglast í starfi leikskólans. „Félagsþjónusta sveitarfélagsins veitir ráðgjöf til foreldra fatlaðra barna og tengslastofnana. Þjónustuteymi er myndað um fatlað barn og fjölskyldu þess samkvæmt áherslum greiningaraðila. Í teyminu eru foreldrar og fulltrúar þeirra aðila sem koma að þjónustu við barnið og fjölskylduna. Félagsþjónustan er þátttakandi í þjónustuteymi barns og er foreldrunum til stuðnings.“¹² Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra og námskrá leikskólans er starfandi Nemendaverndarráð fyrir leikskólann. Ráðið hefur það hlutverk að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í nemendaverndarráði eru heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá félagsþjónustu Fjallabyggðar, umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Einnig situr deildarstjóri þess barns, sem um ræðir hverju sinni, fundi ráðsins.¹³ Skipurit sem sýnir yfirlit yfir stjórnskipulag í sveitarfélaginu með tilliti til leikskólans liggur fyrir. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann með upplýsingum um hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda og starfsmanna.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá var gerð fyrir sameinaðan leikskóla árið 2010 og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Námskráin uppfyllir ekki þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008 þar sem ekki er fjallað sérstaklega um námssvið leikskóla. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í skólanámskrá þar sem áherslur um námssvið leikskóla samþættast að miklu leyti í umræðu um grunnþættina og daglegt lífi í leikskólanum. Í skólanámskránni koma einnig fram einkunnarorð leikskólans, það er leikur að læra.¹⁴

Starfsáætlun fyrir 2016-2017 hefur verið unnin í leikskólanum í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá leikskóla. Starfsáætlun er sýnileg á heimasíðu leikskólans. Á heimasíðu er auk þess að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar svo sem skóladagatal. Stjórnendur leikskólans settu saman starfsáætlun en deildarstjórar komu að undirbúningsvinnu og fengu hana síðan til yfirlestrar og umsagnar í lokin. Aðrir starfsmenn komu ekki að gerð starfsáætlunar. Símenntunaráætlun er til í leikskólanum og er hún unnin út frá þörfum leikskólans og áhuga starfsmanna. Leikskólinn hefur ekki aðgang að utanaðkomandi ráðgjöf eða stuðning frá leikskólaráðgjafa eða öðrum ráðgjöfum.¹⁵ Ekki hefur verið lögð fram framkvæmdaáætlun í starfsáætlun/skólanámskrá með markmiðum og leiðum til eins eða fleiri ára.

Starfsmannahandbækur eru til fyrir báðar starfsstöðvar og eru að stórum hluta samsvarandi. Í þeim er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir starfsmenn leikskólans.¹⁶ Ekki liggja fyrir samræmdir verkferlar vegna slysa og starfsmenn hafa ekki farið á námskeið um skyndihjálp síðastliðin fjögur ár. Í leikskólanum eru skráð slysa og slysa-skráningar eru geymdar á skrifstofu leikskólastjóra. Farið er yfir slysa-skráningar reglulega og skoðað hvort slysa hafi orðið á einhverjum sérstökum stöðum eða við sérstakar aðstæður umfram aðrar.¹⁷ Starfandi er áfallateymi í leikskólanum og til er skrifleg áætlun um viðbrögð við áföllum. Til er rýmingaráætlun í leikskólanum en hún er ekki sýnileg starfsmönnum og ekki hafa verið haldnar brunaæfingar. Við upphaf leikskólagöngu barna fá foreldrar í hendur þátttökuáætlun um aðlögunartímann. Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar liggur fyrir og leikskólinn hefur mótað sína jafnréttisáætlun út frá henni.

11 Deildarstjóri Fræðslu-, frístunda- og menningardeildar.

12 Heimasíða Fjallabyggðar.

13 Skólanámskrá leikskólans.

14 Skólanámskrá leikskólans.

15 Gögn frá leikskólastjóra.

16 Heimasíða leikskólans og viðtöl við stjórnendur.

17 Gögn frá leikskólastjóra.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Stjórnendateymi er á báðum starfsstöðvum og þau mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri. Leikskólastjóri hefur starfað sem slíkur frá stofnun sameiginlegs leikskóla árið 2010. Hann var áður leikskólastjóri á Leikhólum. Aðstoðarleikskólastjóri hefur starfað við leikskólann frá sama tíma. Hann var áður leikskólastjóri á Leikskálum. Stjórnendur hafa skipt með sér verkum og er til skriflegur samningur um það. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er með þeim hætti að leikskólastjóri hefur 67,5% viðveru á Leikhólum og 32,5% á Leikskálum. Aðstoðarleikskólastjóri hefur 20% viðveru á Leikhólum og 80% viðveru á Leikskálum. Leikskólastjóri er í forsvari fyrir leikskólann og sér um rekstur hans og samskipti við yfirstjórn sveitarfélagsins. Hann hefur umsjón með endurmenntun starfsmanna, sér um starfsmannahald, launamál og dagleg samskipti við foreldra á Leikhólum. Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á innritun barna og launamálum starfsmanna þar ásamt leikskólastjóra. Hann sér um starfsmannahald og dagleg samskipti við foreldra á Leikskálum. Stjórnendur hafa sameiginlega ábyrgð á fagstarfi leikskólans og starfspróunarsamtölum. Stjórnunarteymi fundar hálfsmánaðarlega á hvorri starfsstöð fyrir sig og situr leikskólastjóri fundi stjórnunarteymis á Leikhólum og flesta fundi stjórnunarteymis á Leikskálum en aðstoðarleikskólastjóri situr ekki stjórnunarteymisfundum á Leikhólum.

Deildarstjórar á Leikskálum segja að aðstoðarleikskólastjórinn sjái um daglega stjórnun þar en leikskólastjórinn á Leikhólum. Þeir segja verkaskiptingu stjórnenda sýnilega í skólanámskrá.¹⁸ Í rýnihópi foreldra á Leikskálum kom fram að þeir líta á aðstoðarleikskólastjórann sem stjórnanda leikskólans.

Starfsmenn á Leikhólum segja að þeir þekki ekki verkaskiptingu stjórnenda og líti á aðstoðarleikskólastjóra sem sinn stjórnanda. Þeir segja samskipti við aðstoðarleikskólastjóra góð en leikskólastjóri sé lítið sýnilegur. Starfsmenn á Leikhólum þekkja lítið til aðstoðarleikskólastjórans en líta á leikskólastjóra sem sinn stjórnanda enda er viðvera hans meiri þar. Þeir sögðu að aðstoðarleikskólastjórinn væri mjög sjaldan sýnilegur í leikskólanum. Þegar báðir stjórnendur eru á Leikhólum vinna þeir mest saman á skrifstofunni, aðstoðarleikskólastjóri líti þó stundum inn á deildir til að kasta kveðju á börn og starfsmenn. Starfsmenn nefndu einnig að leikskólastjóri væri mikið á Leikskálum og því lendi það oft á starfsmönnum að sjá um að leysa mál sem upp á koma varðandi afleysingar síðdegis í leikskólanum. Fram kom hjá starfsmönnum á Leikhólum að leikskólastjóri er ekki sýnilegur inni á deildum. Þeir töldu að starfið væri umfangsmikið og of lítið að vera með einn aðstoðarleikskólastjóra.¹⁹

Deildarstjórar á báðum starfsstöðvum bera ábyrgð á framkvæmd uppeldisstarfsins á deildum, skipuleggja vinnutíma starfsmanna í samráði við stjórnendur og bera ábyrgð á daglegu samstarfi við foreldra.

Áætlun um starfsdaga er sett upp fyrir starfsárið.²⁰ Starfsdagar í leikskólanum eru þrjú á ári og eru þeir notaðir fyrir fræðslufundi, námsferðir og umræður um innra starf. Auk þess er leikskólanum lokað í þrjú daga vegna starfsmannafunda sem eru ýmist sameiginlegir fyrir alla starfsmenn eða hvorn stað fyrir sig. Til viðbótar eru fjórir starfsmannafundir á ári utan vinnutíma. Yfirleitt er lögð fram dagskrá fyrir starfsdaga og starfsmannafundi og stjórnendur rita fundargerðir sem settar eru á innra drif leikskólans. Deildarfundir eru samkvæmt áætlun á þriggja vikna fresti. Á deildarfundum eru veittar upplýsingar um ákvarðanir sem fyrir liggja og starfið á deildinni. Einnig er rætt um stöðu barnahópsins og einstakra barna. Á deildarfundum er farið yfir mat á þroska og framförum barna. Ekki eru ritaðar fundargerðir á þessum fundum en flestir starfsmenn punkta hjá sér helstu atriði.²¹

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Ekki er til skriflegt verklag um móttöku nýrra starfsmanna en fylgt er þeirri reglu að nýr starfsmaður er kynntur skólanum og fengin starfsmannhandbók til yfirlestrar,

18 Rýnihópur deildarstjóra Leikskálum.

19 Rýnihópar starfsmanna á Leikhólum.

20 Skóladagatal leikskólans.

21 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Rýnihópar deildarstjóra beggja starfsstöðva.

honum er kynnt heimasíðan til að hann geti kynnt sér að hverju leikskólinn vinnur og hvernig. Gert er ráð fyrir að nýr starfsmaður geti fengið einn til tvo daga til undirbúnings en það fer þó eftir aðstæðum hverju sinni hvort það er hægt.²²

Fyrir liggur áætlun um símenntun starfsmanna til tveggja ára, til hausts 2018. Starfsmenn eru áhugasamir um að að sækja sér endurmenntun og fá hvatningu til þess frá stjórnendum. Fastir undirbúningstímar eru fyrir deildarstjóra á báðum stöðum. Á Leikhólum fá allir starfsmenn fast tveggja tíma undirbúningstíma á viku og er það hluti af starfssamningi þeirra. Á Leikskálum eru starfsmenn ekki með sömu samninga og sjá því deildarstjórar um að veita þeim undirbúningstíma þegar það reynist mögulegt.

Fagleg forysta

Að sögn leikskólastjóra fer hann daglega inn á deildir á Leikhólum og Leikskálum þegar hann er þar til að heilsa upp á börn og starfsmenn og reynir að fylgjast með uppeldisstarfinu. Hann sagðist ekki gera mikið að því að veita deildarstjórum ráðgjöf en veitir stuðning og hrós. Þetta er stór leikskóli því gengur það ekki alltaf upp að hrósa fólkinu eins mikið og æskilegt væri sagði leikskólastjórinn. Hann sagðist hafa fengið gagnrýni fyrir að hrósa starfsmönnum ekki nógu mikið.²³

Aðstoðarleikskólastjóri sagðist fara daglega inn á deildir á Leikskálum, oft til að leysa af. Hann sagðist leggja áherslu á að hlusta á starfsmenn og reyni að verða við óskum þeirra. Hann sagðist yfirleitt fara til leikskólastjóra til að fá stuðning en einnig leiti hann stundum til deildarstjóra. Hann lítur á deildarstjóra sem faglega leiðtoga sem beri ábyrgð á sínum hópi á deildum.²⁴

Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Leikskólastjóri tekur öll viðtöl við deildarstjóra. Fram kom hjá starfsmönnum að þeim þætti réttara ef stjórnendur skiptu með sér verkum varðandi starfsþróunarsamtölin, leikskólastjóri tæki þau á Leikskálum en aðstoðarleikskólastjórinn á Leikhólum.²⁵

Viðhorf starfsmanna til faglegrar forystu stjórnenda var mismunandi eftir starfsstöðvum. Deildarstjórar á Leikskálum sögðu að leikskólastjóri kæmi ekki mikið inn á deildir og töldu að hann hefði ekki góða yfirsýn yfir starfið. Þeir sögðu að það vanti endurgjöf og hrós frá stjórnendum, starfsmenn og foreldrar væru duglegri en stjórnendur að gefa endurgjöf. Þeir sögðu að leikskólastjóri liti inn á foreldrafundi á haustin þegar vetrarstarfið er kynnt. Einn deildarstjóri sagðist hafa gert athugasemd við leikskólastjóra varðandi þetta og deildarstjórar voru sammála um að leikskólastjóri mætti gera meira að því að líta inn á deildir þegar hann er í húsi. Þeir nefndu einnig að æskilegt væri að hafa skipulag á hvenær leikskólastjóri er í húsinu, það ættu að vera fastir dagar. Deildarstjórar nefndu einnig að leikskólastjóri mæti ekki reglulega á deildarstjórafundi. Þeir sögðust hrósa starfsmönnum en minna sé um að þeir leiðbeini þeim. Starfsmenn á Leikskálum sögðu að leikskólastjóri væri ekki sýnilegur og aðgengi að honum ekki gott. Fram kom í rýnihópum á Leikskálum að almennt líta starfsmenn þar á aðstoðarleikskólastjóran sem stjórnanda og aðgengi að honum væri gott og samskipti að flestu leyti góð. Þeir sögðust geta leitað til deildarstjóra varðandi einstök mál og segja deildarstjóra yfirleitt leiða og skipuleggja starfið á deildinni, það fari þó eftir virkni hans.²⁶ Að sögn aðstoðarleikskólastjóra leita deildarstjórar til annarra deildarstjóra og þeir deili þekkingu sín á milli og veiti hver öðrum stuðning.²⁷ Börnin á Leikskálum töluðu um tvo leikskólastjóra og þau sögðust aldrei fara inn á skrifstofuna þeirra.²⁸ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra eru fræðslufundir og hluti starfsdaga haldnir sameiginlega og starfsmenn fara saman í námsferðir. Að öðru leyti er ekki um mikið samstarf að ræða til dæmis eru starfsmannafundir yfirleitt haldnir sinn í hvoru lagi.²⁹

Deildarstjórar á Leikhólum sögðu að leikskólastjóri kæmi ekki reglulega inn á deildir og veitti ekki leiðbeiningu eða endurgjöf. Þeir sögðu að leikskólastjóri hrósaði starfsmönnum á fundum og hann skrifi hrós á töfluna eftir erfiða daga. Deildarstjórar sögðust reyna að veita starfsmönnum endurgjöf en sögðu að þeir mættu vera duglegri við það. Þeir reyna að taka sér tíma til að leiðbeina starfsmönnum frekar en að gera það á hlaupum eftir hvern tíma.³⁰ Starfsmenn á Leikhólum sögðu leikskólastjóra ekki

22 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

24 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

25 Rýnihópar starfsmanna.

26 Rýnihópur starfsmanna á Leikskálum.

27 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

28 Rýnihópar barna á Leikskálum.

29 Viðtal við leikskólastjóra.

30 Rýnihópur deildarstjóra á Leikhólum.

sýnilegan inni á deildum og væri oft fjarverandi vegna vinnu sinnar á Leikskálum. Starfsmenn töluðu um mikið álag á leikskólastjóra og nefndu að þörf væri á aðstoðarleikskólastjóra á báðum stöðum. Starfsmenn sögðust sjaldan sjá aðstoðarleikskólastjórann, sögðu hann eiga að vera einn dag í viku á Leikhólum en það ætti til að bregðast. Starfsmenn töluðu um að þeir fái hrós frá deildarstjórum en það mætti vera meira.³¹

Börnin á Leikhólum nefndu leikskólastjórann með nafni og sögðu að þau færu til hans þegar þau hafi kastað steinum og hann komi í „kaffitíma“ ef marga starfsmenn vantar.³²

Starfsandi og starfsánægja

Starfsmenn eru stoltir af leikskólastarfinu. Almenn vilja þeir leggja sig fram um að vinna vel og af samviskusemi. Að sögn deildarstjóra getur metnaður verið mismikill eftir einstaklingum en í heildina má segja að metnaður sé innan starfsmannahópsins. Metnaður starfsmanna birtist í frumkvæði einstaklinga er kemur að nýjum hugmyndum og vilja til að takast á við nýjungar. Starfsmenn töldu að hæfni þeirra nýttist vel og störf þeirra væru metin en almennt mætti hrósa meira fyrir frammistöðu starfsmanna.³³ Að sögn aðstoðarleikskólastjóra birtist metnaður starfsmanna í öflugum starfi á deildum og þar sé lýðræði meðal starfsmanna.³⁴ Deildarstjórar á báðum starfstöðvum töldu sig metna að verðleikum en mætti vera meira um endurgjöf frá stjórnendum og í sumum tilfellum frá foreldrum.³⁵ Fram kom hjá stjórnendum að þeir töldu starfið ekki metið að verðleikum hjá stjórn sveitarfélagsins. Bæjarstjórinn hafi þó sýnt leikskólanum áhuga en að öðru leyti sé leikskólinn frekar afskiptur. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum var ekki boðið upp á ráðgjöf eða stuðning þegar leikskólinn var sameinaður og engin ráðgjöf veitt stjórnendum fram til þessa. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að viðhorf starfsmanna til sameiningar hafi almennt verið jákvæð en aðstoðarleikskólastjóri nefndi að upphaflega hafi ekki verið fullur samhugur um sameiningu leikskólans.³⁶

Allmikil fjarvera hefur verið vegna langtíma og skammtíma veikinda og hefur það haft áhrif á starfsemi. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann teldi starfsandann nokkuð mismunandi eftir húsum en almenn væru starfsmenn ánægðir í starfi. Stjórnendur sögðu þó að starfsandinn væri sveiflukenndur, andrúmsloftið væri ekki nógu „stabilt“, þó oftast betra en verra og oft fylgi neikvæðni miklu álagi.³⁷ Starfsmannafélag er ekki í leikskólanum.

Að sögn leikskólastjóra er starfsandinn svolítið mismunandi eftir húsum og tengist ef til vill stærðarmun húsa. Reynt sé að efla hann með ýmsu móti svo sem uppákomudagar í leikskólanum, sameiginlegar veitingar á kaffistofu, óvissuferð þar sem allur hópurinn er saman. Að sögn leikskólastjóra skemmtir fólk sér vel þegar það kemur saman.³⁸

Að sögn leikskólastjóra eru samskipti starfsmanna á Leikhólum afslappaðri og fólk á auðveldara með að ræða málin, þar sé meira traust. Á Leikskálum hafi starfsandinn verið erfiðari en stjórnendur vita ekki hvað veldur. Á báðum starfstöðvum er verið að vinna með *Uppeldi til ábyrgðar* sem leið til að byggja upp betra starfsumhverfi þar sem sú aðferð byggir líka á ábyrgð og þátttöku starfsmanna. Leikskólastjóri sagðist vera ánægður með starfsmannahópinn í heild, vel menntað, gott, jákvætt, glatt og skemmtilegt fólk. En það þurfi að finna réttu leiðirnar til að vinna upp betra traust.³⁹

Nokkur munur er eftir starfsstöðvum á viðhorfi starfsmanna og foreldra til starfsanda leikskólans. Á báðum starfstöðvum kom fram að samvinna innan deilda væri yfirleitt góð en samvinna milli deilda mætti oft vera meiri. Á Leikskálum hafa deildarstjórar tekið upp reglulega fundi í þeim tilgangi að samræma starfið í leikskólanum.

Deildarstjórar á Leikhólum töldu starfsandann hafa batnað og væri heilt yfir jákvæður. Almenn einkenndist starfsandinn af gleði, virðingu og trausti. Upp kæmu smá hnökror en starfshópurinn væri samhentur.⁴⁰ Starfsmenn á Leikhólum sögðu að starfsandinn hafi breyst mikið á síðasta ári og nefndu sem eina ástæðu mikla manneklu vegna veikinda. Starfsmenn töldu um að óánægja hafi verið að stigmagnast og beinist fyrst og fremst að stjórnun leikskólans og framkvæmd sérkennslu í

31 Rýnihópur starfsmanna á Leikhólum.

32 Rýnihópur barna á Leikhólum.

33 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna á báðum starfstöðvum.

34 Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

35 Rýnihópar deildarstjóra á báðum starfstöðvum.

36 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

37 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

38 Viðtal við leikskólastjóra.

39 Viðtal við leikskólastjóra.

40 Rýnihópur deildarstjóra Leikhólum.

leikskólanum. Starfsmenn sögðu deildarstjóra gefa hrós en mismunandi hvort leikskólastjóri hrósar starfsmönnum. Einnig fái þeir hrós frá foreldrum. Foreldrar á Leikhólum töldu starfsandann ekki nógu góðan í heildina. Nefndu framkomu ákveðins starfsmanns við börn og foreldra sem ekki væri tekið á af hálfu leikskólastjóra.⁴¹

Deildarstórar á Leikskálum sögðu starfsandann lengi hafa verið neikvæðan en færi þó batnandi. Þeir töluðu um að endurgjöf, hrós og hvatningu vantaði frá stjórnendum. Þeir sögðu að skortur væri á gagnkvæmri virðingu og trausti innan leikskólans og ekki væri tekið nógu vel á stærri vandamálum. Tilraunir til að sameina hópinn hafi til þessa ekki gengið en samstarfið á deildum væri yfirleitt gott og fólk hrósaði hvert öðru innan sinnar deildar.⁴²

Starfsmenn á Leikskálum sögðu starfsandann upp og ofan, mætti vera betri. Skortur væri á trúnaði innan starfsmannahópsins og of lítil samvinna sé milli deilda. Starfshópurinn standi þó saman í verkefnum og skemmti sér vel þegar hann kemur saman utan leikskólans. Starfsmenn sögðu að þeir deili þekkingu og skoðunum og reyni að læra hver af öðrum. Starfsmenn á Leikskálum sögðu upplýsingaflæði frá stjórnendum of lítið bæði varðandi starfsmenn og börn.⁴³

Foreldrar á Leikskálum sögðu neikvæðan starfsanda í leikskólanum. Skortur væri á menntuðum starfsmönnum og stjórnendur taki ekki nógu vel á erfiðum málum sem upp koma í samskiptum starfsmanna við börn og vandamála innan starfsmannahópsins.⁴⁴

Sérkennslustjórar hafa mismunandi skoðun á starfsanda leikskólans. Á Leikskálum taldi sérkennslustjóri að starfsandinn væri upp og niður og skortur á virðingu og trausti, hann sagði einnig að metnaður í starfi mætti vera meiri. Sérkennslustjóri á Leikhólum taldi metnað vera í starfsmannahópnum og heilt yfir væri góður starfsandi í leikskólanum.⁴⁵

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins frá 13. júní 2017 kemur fram að tíðni áreitni og eineltis er allhá í leikskólanum eða 21,7% sem hafa upplifað áreiti og 26,1% einelti. Einnig kemur stuðningur við börn með sérþarfir innan leikskólans illa út í sömu könnun og starfsandi, stjórnun og samstarf er lægra en landsmeðaltal.⁴⁶ Stjórnendur telja að verið sé að vinna faglegt og traust starf og að starfsmenn leggi sig almennt fram við starfið. Áhyggjur stjórnenda eru helst af samskiptaerfiðleikum í starfsmannahópnum. Í svari deildarstjóra Fræðslu-, frístunda- og menningardeildar kom fram að vitað sé um erfiðleika í starfsmannamálum og vitnar hann þar í niðurstöður starfsmannakönnunar um erfið samskipti innan hópsins. Hann sagði að sveitarfélagið hafi fyrir nokkrum árum lagt í töluverða vinnu við leiðréttingu á samskiptum í starfsmannahópnum. Á síðasta fundi deildarinnar voru leiðir til úrbóta ræddar með hugsanlegri aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga.⁴⁷

Styrkleikar

- Áherslur í skólastefnu Fjallabyggðar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Stjórnendur eru boðaðir á fundi Fræðslu- og frístundaneftndar sveitarfélagsins þegar málefni leikskólans eru til umræðu.
- Góð samvinna er við félagsþjónustu sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Gerðar eru slysaskráningar í leikskólanum.
- Áætlun um viðbrögð við áföllum hefur verið skráð.
- Áætlun er til vegna upphafs leikskólagöngu barna.
- Mótúð hefur verið jafnréttisstefna.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega.

41 Rýnihópar foreldra Leikhólum.

42 Rýnihópar deildarstjóra Leikskálum.

43 Rýnihópar starfsmanna Leikskálum.

44 Rýnihópur foreldra Leikskálum.

45 Viðtöl við sérkennslustjóra Leikhólum og Leikskálum.

46 Starfsmannakönnun Skólapúlsins.

47 Deildarstjóri Fræðslu-, frístunda- og menningardeildar.

- Símenntunaráætlun er unnin út frá áhuga starfsmanna og þarfa leikskólans.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skólanámskrá með tilliti til áherslna í aðalnámskrá leikskóla.
- Starfsáætlun skal vinna í samvinnu við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra.
- Gera þarf framkvæmdaáætlun til eins eða fleiri ára með markmiðum og leiðum.
- Skrá ætti verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á deildum leikskólans.
- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum leikskólans og gera þarf rýmingaræfingar reglulega.
- Æskilegt væri að skrá verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.
- Endurskoða ætti samstarfssamning stjórnenda með tilliti til viðveru þeirra á starfsstöðvum, verkaskiptingar og upplýsingagjafir.
- Æskilegt væri að endurmeta stjórnunarhlutfall í leikskólanum.
- Leita ætti leiða til að auka sýnileika beggja stjórnenda á báðum starfsstöðvum.
- Skýra ætti upplýsingaferli milli stjórnenda og starfsmanna.
- Leita þarf leiða til að bæta starfsanda, traust og trúnað í leikskólanum (báðum starfsstöðvum).
- Efla þarf samvinnu starfsmanna milli starfsstöðva.
- Gera ætti skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda.
- Vinna þarf að auknu samstarfi milli deilda á báðum starfsstöðvum.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsmönnum endurgjöf.
- Leita ætti leiða til að veita stjórnendum aðgengi að ráðgjöf og stuðningi frá utanaðkomandi sérfræðingum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Umhverfi útileiksvæðis beggja starfsstöðva býður upp á möguleika til náttúruskoðunar, útináms og gönguferða og er það nýtt að nokkru leyti. Farið er í gönguferðir og heimsóknir en ekki er um markvisst útinám að ræða. Deildarstjórar sögðu að lögð væri áhersla á daglega útiveru, bæði fyrir og eftir hádegi. Útileiksvæði starfsstöðvanna er nokkuð ólíkt, annað leiksvæðið er á sléttum fleti en hitt í töluverðum bratta. Matsmenn sáu að börnin nutu útiverunnar í leik og samskiptum og dreifðust vel um leiksvæðin. Leiksvæði á Leikskálum er nokkuð krefjandi, sérstaklega fyrir yngstu börnin og á köflum hættulegt fyrir þau. Matsmenn sáu að starfsmenn dreifðu sér um leiksvæðið, höfðu yfirsýn og gættu öryggis barnanna.

Aðstaða innanhús á báðum starfsstöðvum er nokkuð góð. Leikstofur eru tvær á hverri deild og gefa tækifæri til fjölbreyttra leikja og felliborð á deildum gefa möguleika á auknu rými til gólfleikja. Einnig er aðstaða til hreyfileikja í sal á Leikhólum og á rúmgóðum gangi í lista- og kubbasvæði á Leikskálum.

Efniviður innanhúss á báðum starfsstöðum er sæmilega fjölbreyttur en nokkuð úr sér genginn. Leik efni leikskólans höfðar nokkuð vel til fjölbreyttra áhugasviða barnanna sérstaklega eldri hópsins. Eldri börnin hafa gott aðgengi að leikefninu en aðgengi yngri barna er minna. Efniviður leikskólans endurspeglar ekki nægilega margbreytileika mannlífsins og nokkuð skortir á aðgengi barna að efniviði til skapandi starfs og hlutverkaleikja.

Aðgengi að námsgögnum fyrir starfsmenn er nokkuð gott. Fram kom í samtölum við stjórnendur og starfsmenn leikskólans að foreldrafélagið á Leikskálum hefur tekið mikinn þátt í að sjá leikskólanum fyrir leikföngum og leiktækjum.⁴⁸

Samræming á uppeldislegum áherslum er milli starfsstöðva þar sem unnið er samkvæmt sameiginlegri skólanámskrá, skóladagatali og starfsáætlun. Í rýnihóp deildarstjóra kom fram að á báðum starfsstöðvum er áhersla á markvisst nám í gegnum leik. Einnig er lögð áhersla á virðingu, vináttu, dyggðavinnu og að efla börn til sjálfstæðis. Báðar starfsstöðvar leggja áherslu á verkefni *Leikur að læra* og *Uppeldi til ábyrgðar*. Þá er unnið með ákveðin verkefni með eldri börnunum sem stuðla að eflingu læsis, *Lubbi finnur málbein* og stafainnlögn. Einnig er unnið með sérstakt stærðfræðiverkefni. Að sögn deildarstjóra er litið á þessi verkefni sem undirbúning fyrir grunnskólann. Í gögnum leikskólans er ekki að finna sérstakar áherslur fyrir nám yngri barna og ekki er dagskipulag sýnilegt á öllum yngstu deildum starfsstöðvanna. Í rýnihópum deildarstjóra kom sjaldan upp umræða um markvissar áherslur vegna náms yngstu barnanna.⁴⁹

Í vettvangsathugun á yngri deildum beggja starfsstöðva mátti sjá börnin í gólfleikjum en leikfangaskostur var frekar fábreyttur. Í salnum á Leikhólum er fjölbreytt úrval leikefnis til grófhreyfinga við hæfi yngstu barnanna. Matsmaður varð vitni að því að börnin voru áhugasöm og nutu sín vel í leiknum í salnum. Almennit sitja starfsmenn á gólfi með börnunum í frjálsum leik en mismunandi hversu miklir þátttakendur þeir eru í leik þeirra.

Dagskipulag er sambærilegt milli starfsstöðva og sýnilegt á eldri deildum en mismunandi hversu dagskipulagið er lýsandi fyrir starfið. Frjálsa leiknum er gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans og það kom einnig fram í dagskipulagi flestra deilda. Viðfangsefni á eldri deildum er nokkuð fjölbreytt. Leikfanga- og bókasafn er í leikskólanum og starfsmenn skipta út leikföngum og bókum reglulega.

Í rýnihópi barna beggja starfsstöðva kom fram að til sé „nóg af dóti“. Þau nefndu það sem þeim fannst skemmtilegast að gera, svo sem leika í Holukubbum, mála, fara í salinn, leika með pleymó, svo væri gaman að teikna, leika í búningunum, spila Krummaspil og líka að vera í skólahóp.⁵⁰

Í rýnihóp deildarstjóra Leikhóla kom fram ánægja með samstarf milli deilda. Að þeirra sögn er samstarfið minna við yngstu deildina og ástæðuna sögðu þær meðal annars vera þá að deildin er í öðrum hluta hússins, auk þess sem börnin séu ung og dagskipulag öðruvísi, þar sem það miðast við þarfir yngstu barnanna.⁵¹

Skipulag húsnæðis í Leikskálum er einnig nokkuð gott. Húsnæðið gefur góða möguleika til samstarfs barna og starfsmanna að sögn flestra deildarstjóra. Þeir sögðu samstarfið innan deilda gott og lögðu áherslu á að halda reglulega deildarfundum. Einnig lögðu þeir áherslu á mikilvægi þess að halda og stjórnendateymisfundum reglulega til að auka samstarf milli deilda. Með því vonast þeir til að samræming á starfinu milli deilda aukist. Fram kom í rýnihóp starfsmanna að þeim fannst yngsta deildin úr tengslum við aðrar deildir. Hún er fjærst sameiginlegu rými og meira lokuð af en aðrar deildir. Að sögn starfsmanna er aðstaða í sameiginlegum fataklefa yngstu deildanna þröng og óhagstæð bæði fyrir starfsmenn og foreldra.⁵² Sameiginlegt rými er í Leikskálum, stór og rúmgóður gangur, sem er nýttur með ýmsum hætti, svo sem til hreyfileikja og til sameiginlegrar samveru, söngstunda og funda af ýmsu tagi. Sameiginlegt listaherbergi er í Leikskálum. Í vetur er það nýtt fyrir elsta aldurshópin sem er fjölmennur og þarf meira rými en eina deild. Að sögn leikskólastjóra var efniviður til listsköpunar af þeim sökum færður inn á deildir þetta leikskólaárið.⁵³

48 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur starfsmanna á Leikskálum.

49 Rýnihópar deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

50 Rýnihópur barna á báðum starfsstöðvum.

51 Rýnihópur deildarstjóra á Leikhólum.

52 Rýnihópur starfsmanna á Leikskálum.

53 Viðtal við leikskólastjóra á Leikskálum.

Skipulag uppeldisstarfsins á báðum starfsstöðum er nokkuð áþekkt og skiptist í val, hópastarf, frjálsan leik og samverustundir. Þó val sé á öllum deildum leikskólans eru mismunandi aðferðir við framkvæmd þess á hverri deild fyrir sig. Á öllum deildum velja börnin sér viðfangsefni innan deildarinnar og að sögn barnanna geta þau farið á milli svæða að vild.⁵⁴ Mismunandi er eftir deildum hvort starfsmenn ákveða hvað er í vali eða hvort börnin koma að því að ákveða viðfangsefnin. Starfsmenn á eldri deildum er oftast en ekki búið að ákveða hvað er í boði í vali. Könnunarleikurinn er einu sinni í viku á yngstu deildum. Hver deild á Leikhólum á salinn tvisvar sinnum í viku samkvæmt dagskipulagi deilda.

Starfshættir

Hópstjórar vinna hver með sinn hóp og fylgjast með náms- og þroskaframförum barnanna með því að fylla út heimagerða lista sem síðan eru nýttir í foreldraviðtölum. Deildarstjórar sjá um foreldraviðtöl.⁵⁵ Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum er sýnileg á báðum starfsstöðvum. Starfsmenn Leikskóla nefndu að viðhöfð væru lýðræðisleg vinnubrögð á deildum. Þeir sögðust deila reynslu, styðja hver annan og ná vel saman þegar komast þarf að niðurstöðu. Starfsmenn Leikhóla sögðu það sama, verkaskipting væri mjög góð og starfsmönnum gangi vel að taka ábyrgð og styðja hvern annan.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Lýðræðisleg þátttaka barna í leikskólastarfinu er frekar lítil. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að ekki er um markvissa samræmingu að ræða milli deilda varðandi þátttöku barna. Börnin eru ekki þátttakendur í stærri ákvarðanatöku en hafa tekið þátt í umræðum um umgengnisreglur sem starfsmenn settu. Þó hafa börn í stöku tilfelli komið að gerð þessara reglna. Reglur táknaðar með litum voru gerðar fyrir nokkrum árum í Leikskálum og eru börnin meðvituð um þær. Í vettvangsathugun matsmanna mátti sjá þessar reglur á nokkrum deildum. Á Leikhólum voru einnig gerðar umgengnisreglur. Starfsmenn unnu reglur um útiveru sem sýnilegar eru í glugga sem snýr út á leiksvæði barnanna. Börnin komu ekki að gerð þeirra en þau fengu að gera athugasemdir og eftir það var þeim fækkað og þær samræmdar.⁵⁶

Matsmenn voru vitni að lýðræðislegri þátttöku barna í samtölum í samverustundum á Leikhólum. Í rýnihópi deildarstjóra á Leikhólum kom fram að ekki er formlegt val á elstu deild þó það sé kallað val. Börnin eru spurð hvað þau vilji gera og ganga þau síðan í viðfangsefnin sem þau hafa valið ásamt vinum sínum. Í hópastarfi geta börnin komið með tillögur og hlustað er á þau og reynt að koma til móts við áhugasvið þeirra. Í rýnihóp deildarstjóra á Leikskálum sögðu þeir að börnin hefðu val um leikefni í valsvæðum. Í samverustundum segja börnin frá reynslu sinni og áhugamálum og velja lög til að syngja. Á yngri deild er ekki mikið um að börnin velji að sögn deildarstjóra.⁵⁷

Í rýnihópi barna á Leikskálum kom fram að þau fá ekki að ákveða hvað er í vali en fá oftast að velja vini og viðfangsefni og stundum fá þau að skipta um leik í valinu. Börnin sögðu að þegar þau ná ekki í það leikefni sem þau vilja leika með náí kennararnir í það fyrir þau. Í rýnihóp barna beggja starfsstöðva kom fram að þau þekktu helstu reglurnar og þuldu þær upp eins og „má ekki meiða, má ekki henda sandi og skóflum, bannað að kýla í andlit og berjast með skóflum“.⁵⁸

Námssvið

Stjórnendur nefndu í viðtölum að stefna og áherslur í leikskólanum væru *Dyggðir (Hugur, hjarta, hönd)* og *Uppeldi til ábyrgðar*. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að fyrir ári var ákveðið að vinna með *Uppeldi til ábyrgðar* þar sem bæði grunnskólinn og Tónskólinn höfðu þegar innleitt þá aðferð. Þannig verði til samræming milli skólastiga, auk þess sem það hugnaðist starfsmönnum að sögn stjórnenda.⁵⁹ Starfsmenn sóttu námskeið um *Dyggðirnar* á Akureyri og í kjölfar þess voru þær áherslur innleiddar í starfið. Í skólanámskrá frá 2010 er ekki getið um þessar áherslur.⁶⁰

Unnið er markvisst með heilbrigði og vellíðan í leikskólanum og lögð er áhersla á leik og hreyfingu í útiveru og vettvangsferðum eins og fram kemur í skólanámskrá.⁶¹ Börnin á Leikskálum fara með kennurum sínum í íþróttahús grunnskólans einu sinni í viku. Á Ólafsfirði hafa nemendur á íþróttabraut

54 Rýnihópur barna og deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

55 Rýnihópar deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

56 Rýnihópar barna og deildarstjóra á Leikhólum.

57 Rýnihópar deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

58 Rýnihópar barna á báðum starfsstöðvum.

59 Viðtal við leikskólastjóra.

60 Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

61 Skólanámskrá leikskólans.

í menntaskólanum komið og kennt íþróttir en þó ekki í vetur þar sem íþróttabrautin er ekki starfandi á þessu skólaári.⁶² Á báðum starfsstöðvum er góð aðstaða til hreyfileikja inni og eru skipulagðar hreyfistundir á ganginum á Leikskálum og í salnum á Leikhólum. Á döfinni er að leggja meiri áherslu á gæði fæðisins í leikskólanum.⁶³ Börnin voru ánægð með matinn og töldu upp hvað þeim finnst gott en sögðu jafnframt að þau fái ekki að ráða hvað er í matinn.⁶⁴

Leikskólinn hefur mótað sér læsisstefnu. Unnið er með læsiverkefnið *Lubbi finnur málbein* og einnig stærðfræði, auk þess nefndu deildarstjórar einkunnarorðin *Leikur að læra*. Þeir nefndu að stundum væru verkefni ákveðin og innleidd eftir að þeir hafa fengið fræðslu á námskeiðum, eins og til dæmis *Uppeldi til ábyrgðar* og *Lubba verkefnið*. Að þeirra sögn er þetta leið til að styrkja starfið en um leið verður að passa að ekki verði tekið of mikið fyrir í einu. Deildarstjórar vilja að það verði unnið markvissar með Uppeldi til ábyrgðar. Þeir vilja koma vinnunni meira inn í hópastarfið og sjá til þess að allir starfsmenn tileinki sér aðferðina.⁶⁵

Eins og fram kemur í skólanámskrá og rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna er mikil áhersla á ritmál og unnið nokkuð markvisst með það á flestum eldri deildum.⁶⁶ Ritmál er sýnilegt á veggjum flestra deilda, sumt í hæð barnanna annað ofar. Nokkuð skortir á að ritmál sé sýnilegt á yngri deildum og myndir með ritmáli í hæð barnanna. Bækur eru í hillum eða rekkum á flestum deildum og í hæð barna. Á nokkrum deildum eru bækur mjög aðgengilegar, á öðrum deildum eru þær minna aðgengilegar eða lítið áhugavekjandi. Minnst úrval bóka í hæð barna var á yngri deildum. Lestur og sögustundir eru daglega og sjá mátti það á dagskipulagi þeirra deilda þar sem það var sýnilegt.

Deildarstjórar sögðu að börnin væru hvött til að segja frá við ýmis tækifæri. Sem dæmi er það gert við matarborð, í minni hópum og í samverustundum þar sem þau segja frá hvað þau hafa upplifað.⁶⁷ Í samverustund á eldri deild sem matsmaður var viðstaddur voru börnin virkir þátttakendur og tjáðu sig af öryggi. Samskipti starfsmanna við börnin voru í flestum tilfellum jákvæð og uppbyggjandi og þeir sýndu börnum jákvætt viðmót og virðingu.

Lögð er áhersla á sjálfbærni í skólanámskrá leikskólans og eitt af því sem þar kemur fram er að börnin séu gerð meðvituð um náttúruna, veðurfar, dýralíf og það sem stuðlar að umhverfisvernd. Náttúran er hluti af lífi barnanna í Fjallabyggð og stutt í ósnerta náttúru. Börnin fara reglulega út á leiksvæðið leikskólans og í gönguferðir, þannig kynnast þau ofangreindum þáttum. Börnin í rýnihópunum voru sammála um að þau fari mikið út að leika og í gönguferðir og finnst það gaman.⁶⁸

Leikskólinn vinnur samkvæmt umhverfisstefnu Fjallabyggðar. Börnin taka ekki þátt í að flokka og áherslur leikskólans í sjálfbærni koma ekki fram í skólanámskrá eða eru sýnilegar í leikskólanum. Deildarstjórar sögðu að ekki væri um markvisst útinám að ræða en þau fari í gönguferðir um nánasta umhverfi, á leikvelli, í heimsóknir á vinnustaði, til listamanna á Ólafsfirði og á Síldaminjasafnið á Siglufirði.⁶⁹ Samkvæmt upplýsingum stjórnenda er ekki unnið með ræktun í leikskólanum. Í eldhúsi eru matarafgangar flokkaðir og pappír er flokkaður á deildum.⁷⁰

Aðstaða til skapandi starfs er nokkuð góð. Á Leikskálum er listaskáli sem allir eiga að hafa aðgang að en í vetur nýttist hann aðeins elstu börnunum eins og áður hefur komið fram. Skapandi starf fer því fram inni á deildum á þessu skólaári. Mismunandi er hve aðgengilegt er fyrir börn og starfsmenn að nálgast efniviðinn á deildum. Verk eftir börnin eru fá á veggjum deilda en nýlegar myndir eftir börnin voru á vegg á næstýngstu deildinni. Á Leikhólum fer skapandi starf fram inni á deildum en mismunandi hve aðgengilegur efniviðurinn er börnunum. Í dagskipulagi deilda á báðum starfsstöðvum er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir skapandi starfi fyrir utan eina deild. Fram kom í rýnihópi foreldra á Leikskálum að foreldrafélag tekur þátt í að halda sýningu á verkum barnanna og notar hana sem leið í fjáröflun fyrir leikskólann.⁷¹

62 Rýnihópur deildarstjóra.

63 Viðtal við leikskólastjóra.

64 Rýnihópur barna á Leikskálum.

65 Rýnihópur deildarstjóra Leikskála.

66 Námskrá leikskólans og Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna á báðum starfsstöðvum.

67 Rýnihópar deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

68 Rýnihópur barna á báðum starfsstöðvum.

69 Rýnihópur deildarstjóra á Leikskálum.

70 Skólanámskrá leikskólans.

71 Rýnihópur foreldra á Leikskálum.

Sjá má að unnið er með vísindi á báðum starfsstöðum, svo sem í leik með Eininga- og Holukubba, auk þess er nokkuð fjölbreytt úrval af ýmskonar öðrum kubbum. Annar opinn efniviður, sem ýtir undir vísindaleik og rannsóknir, er takmarkaður. Ýmislegt í umhverfinu styður við stærðfræðinám, svo sem tölustafir á deildum, tákni og mynstur sem er sýnilegt börnunum. Þá eru einnig spiluð stærðfræðispil sem unnin voru af starfsmönnum í tengslum við þróunarverkefnið um stærðfræði sem leikskólinn tók þátt í fyrir nokkrum árum.

Frjálsa leiknum er gefið gott svigrúm. Börnin hafa val um leik- og námsefni sem tekur að mestu mið af hæfileikum og áhugasviði og viðfangsefni vekja áhuga þeirra. Á yngri deildum var sumt af leik- og námsefni fyrir neðan getu og áhuga barnanna. Viðfangsefni voru fá og samræmdust ekki námsþörfum þeirra, ef frá er talið leikefni í sal á Leikhólum. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að eitt af markmiðum sé að börnin hafi val um viðfangsefni og efniviður sé opinn og fjölbreyttur.⁷²

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum var yfirleitt afslappað og einkennist oftast af virðingu fyrir börnunum. Almennt eru starfsmenn nærri börnunum í leik, við borð og á gólfi, leiðbeina og styðja eftir þörfum. Starfsmenn eru til taks fyrir börnin ef til árekstra kemur og leysa deilur með þeim. Starfsmenn leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Börnin á eldri deildum eru sjálfsörugg, glöð, frísk og félagslega sterk. Á yngri deildum sinntu starfsmenn líkamlegum þörfum barnanna einstaklingslega, af alúð og umhyggju. Þó skorti nokkuð á markvissa hvatningu og örvun í daglegum athöfnum og frjálsum leik.

Foreldrar sögðu að börnunum liði almennt vel í leikskólanum. Börnin væru oftast glöð að koma á morgnana. Mismunandi sé þó hversu ánægð þau eru og fer það eftir því hver tekur á móti þeim. Foreldrar sögðu að vel væri staðið að aðlögun barna. Ein móðir sagði að eldra barnið væri mjög glatt í leikskólanum og það yngra þroskast vel á sinni deild. Foreldrar á Leikskálum nefndu að móttakan á morgnana hafi batnað og viðmót hafi breyst með nýjum starfsmönnum. Þeir sögðu þó að það kæmi fyrir að ef foreldrar gerðu athugasemdir þá finndu þeir fyrir slæmu viðmóti starfsmanna. Fram kom að óánægja væri meðal foreldra varðandi upplýsingagjöf þegar börnin færast á milli deilda. Þeir töluðu um að almennt vildu þeir fá meiri upplýsingar um hvað verið er að vinna með börnunum. Einnig nefndu foreldrar að samræma þyrfti upplýsingar frá leikskólanum þannig að sömu upplýsingar berist frá öllum deildum.⁷³ Foreldrar á Leikhólum sögðu að komið væri til móts við þarfir barnanna, hlustað, brugðist fljótt við og fundnar leiðir til að leysa málin með foreldrum. Ennfremur kom fram að foreldrar fái góðar upplýsingar um hvernig dagurinn hefur gengið. Þeir nefndu að uppeldisstefnan mætti vera skýrari og einnig upplýsingar um hvaða aðferðir eru notaðar í samskiptum starfsmanna og barna og milli barna. Foreldrar nefndu einnig að það mætti vera meiri samræming milli deilda og áherslur sýnilegri.

Mat á námi og velferð barna

Í skólanámskrá er sagt frá þeim matstækjum sem leikskólinn notar til að meta nám og velferð barna. Leikskólastjóri sagði að notað væri matstækið Barnið í brennidepli og í ár verði unnið með tvo lykilmætti. Leikskólastjóri nefndi einnig heimatilbúna lista þar sem nám og velferð barna er metið, listar sem eru síðan nýttir í foreldraviðtölum.⁷⁴ Fram kemur í samtölum við aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra að önnur viðurkennd matstæki séu TRAS (n: Tidlig registrering af sprákuþvikling) sem er fylltur út á sex mánaða fresti fyrir öll börn og Hljóm2 fyrir tvo elstu árgangana.⁷⁵ Að sögn deildarstjóra fara ekki fram neinar uppeldislegar skráningar og börnin taka ekki þátt í að meta nám sitt eða setja sér markmið.⁷⁶

Foreldrar á Leikskálum sögðu að þeir fái upplýsingar um stöðu barnsins í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári og þar séu teknar ákvarðanir um áframhaldandi vinnu með barninu, styrkingu og stuðning. Mismunandi var hvort foreldrum á Leikskálum fannst þeir fá góðar upplýsingar um börn sín í foreldraviðtölum. Þeir sögðust frekar fá upplýsingar um það sem væri neikvætt. Upplýsingar varðandi börn

72 Skólanámskrá leikskólans.

73 Rýnihópur foreldra Leikskála.

74 Viðtal við leikskólastjóra.

75 Rýnihópur aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

76 Rýnihópur deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

með sérþarfir sögðu foreldrar vera góðar, að vel sé unnið með þau mál. Foreldrar nefndu að ef grunur vaknar um frávík þá sé vel tekið á því.⁷⁷

Í rýnihóp foreldra á Leikhólum kom fram að foreldraviðtöl eru einu sinni á ári, í kringum afmælisdag barnsins. Auk þess er hægt að óska eftir viðtali ef þurfa þykir. Foreldrar beggja starfsstöðva eru einnig boðaðir á fund þegar niðurstöður úr TRAS liggja fyrir.⁷⁸ Foreldrar sögðust ekki koma að mati á þroska og framförum barnanna en sögðu að alltaf væri tekið vel í óskir þeirra.⁷⁹

Styrkleikar

- Umhverfi leikskólans býður upp á möguleika til útináms.
- Góð aðstaða er til hreyfileikja í sal á Leikhólum og á gangi og kubbasvæði á Leikskálum.
- Lögð er áhersla á að efla heilbrigði og vellíðan með reglulegri útiveru, hreyfingu og matarræði.
- Áhersla er á markvisst læsinnám með eldri börnunum.
- Frjálsum leik er gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Ritmál er sýnilegt á veggjum eldri deilda.
- Starfsmenn sýna börnum virðingu og jákvætt viðmót.
- Samskipti barna eru jákvæð, gleði ríkti í leiknum og börnunum líður vel.
- Starfsmenn yngri deilda sinna börnunum af umhyggju.
- Börnin eru sjálfsörugg og glöð, frísk og áræðin.
- Leikskólinn nýtir sér viðurkenndar matsaðferðir við mat á námi og framförum barna.
- Upplýsingar um börn með sérþarfir eru í markvissum farvegi.
- Foreldrar eru ánægðir með líðan barna í leikskólanum.
- Námsefni tekur mið af hæfileikum og nám þörfum barna á eldri deildum.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf áherslu á markvisst útinám.
- Bæta og auka þarf aðgengi barna að leikefni á yngstu deildum og auka fjölbreytni þess.
- Samræma starfsaðferðir og dagskipulag milli deilda á hvorri starfsstöð fyrir sig og gera það sýnilegt foreldrum og starfsmönnum.
- Samræma þarf markvissa vinnu með Uppeldi til ábyrgðar í öllum leikskólanum.
- Auka markvisst þátttöku barna í ákvarðanatöku.
- Gefa börnunum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Gera bækur aðgengilegri börnum á yngri deildum og auka fjölbreytni efniviðar.
- Auka þarf þekkingu starfsmanna á vinnu með yngstu börnunum.
- Samræma þarf upplýsingar til foreldra í leikskólanum.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar í leikskólanum.

⁷⁷ Rýnihópur foreldra Leikskála.

⁷⁸ Rýnihópur foreldra á báðum starfsstöðvum.

⁷⁹ Rýnihópur foreldra á Leikhólum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Ráðið er skipað þremur foreldrum sem allir tóku sæti í ráðinu í haust. Fram kom að nýtt foreldraráð hefur ekki fundað en samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er gert var ráð fyrir að fyrsti fundur yrði fljótlega. Sameiginlega munu foreldraráðið og leikskólastjórinn fara yfir málefni komandi vetrar. Að þeirra sögn er hlutverk ráðsins að miðla upplýsingum til annarra foreldra, fá upplýsingar um starfsemi leikskólans og um ytra mat. Formaður situr fundi í fræðslu- og frístundanefnd. Á heimasíðu leikskólans er hlekkur foreldraráðs og þar má sjá nöfn foreldra sem sitja í ráðinu og starfsreglur foreldraráðs.⁸⁰

Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar. Samstarf er gott milli foreldrafélagana, leikskólastjóra og starfsmanna að sögn foreldra. Foreldrafélögin taka þátt í að styðja við og styrkja leikskólana með ýmsum hætti eins og að: afla fjár til leikfanga- og tækjakaupa auk þess sem þau sjá um vorhátíð, sveitaferð, öskudaginn, jólaball, skemmtanir og sýningar. Sérstaklega á þetta við um foreldrafélagið á Leikskálum. Foreldrar sögðust finna fyrir hvatningu frá leikskólanum til að taka þátt í viðburðum en tímasetningar vegna mætinga á viðburði henti stundum illa. Fyrir komi að viðburðir séu á miðjum degi sem er óheppilegur tími fyrir foreldra. Skipulag og framkvæmd viðburða sem foreldrafélag kemur að er í samráði við leikskólastjóra og foreldrar sögðu leikskólastjóra duglegan að láta vita um það sem framundan er. Leikskólastjóri sagði að nýir foreldrar fái rafræna foreldrahandbók í upphafi leikskólavistar barnsins.⁸¹

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp voru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Almennt segja foreldrar að vel sé tekið í óskir þeirra, starfsmenn séu vakandi yfir velferð barnanna og eigi oft frumkvæði þegar kemur að þörfum einstakra barna, svo sem líðan og heilsu. Starfsmenn bregðast vel við beiðnum foreldra og leggja sig fram við að finna leiðir til að leysa málin með þeim. Foreldrar voru flestir ánægðir með þau viðfangefni og verkefni sem börnunum er boðið upp á. Foreldrar þekkja ekki vel einkunnarorð leikskólans, sögðu þau vera á heimasíðu en fara þangað sjaldan, sögðust helst skoða samskiptaforritið KarEllen en þar fái þau daglegar upplýsingar um barnið og viðburði sem eru á döfnni.

Fleiri foreldrar í rýnihóp Leikskóla sögðu að samskipti starfsmanna við börnin væru mismunandi og að mismundandi væri hvort börnin væru ánægð að koma í leikskólann en nefna jafnframt að viðmótið hafi breyst, það sé betra nú en áður.

Í rýnihóp foreldra á Leikhólum kom fram að flestum fannst viðmóti við foreldra gott og það eigi einnig við viðmót starfsmanna við börnin. Þau töluðu jákvætt um leikskólann sinn og finnst yfirleitt gott að koma í leikskólann. Þeim fannst þau fá góðar upplýsingar um hvernig dagurinn hefur gengið.⁸²

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við grunnskóla Fjallabyggðar og er samstarfið í föstum farvegi segja deildarstjórar en ekki hefur verið gengið frá skriflegum samningi í haust. Kennarar yngsta stigs grunnskólans og kennarar elstu barna leikskólans hittast reglulega og skipuleggja starfið. Áætlun er gerð að hausti að sögn leikskólastjóra og deildarstjóra, starfsdagar skólastiganna eru ákveðnir sameiginlega og einnig aðrar dagsetningar. Í starfsáætlun leikskólans segir að börnin fari í nokkrar skipulagðar heimisóknir í grunnskólann og kynnist starfinu þar. Á vorin eru upplýsingafundir þar sem farið er yfir stöðu barnanna sem hefja grunnskólagöngu um haustið.

80 Heimasíða leikskólans.

81 Gögn frá leikskólastjóra.

82 Rýnihópur foreldrar á Leikhólum.

83 Rýnihópur deildarstjóra á Leikskálum.

Annað samstarf

Nærsamfélagið í Fjallabyggð er opið fyrir samstarfi við leikskólann. Börnin á báðum starfsstöðum heimsækja öldrunarheimilið nokkrum sinnum á ári. Samstarf er við slökkviliðið sem kemur í heimsókn í leikskólann og börnin vinna verkefni sem tengjast heimsókninni. Nemendur Tónskólans á Ólafsfirði koma um það bil einu sinni á önn í leikskólann og spila fyrir börnin. Tónlistarkennari úr tónskólanum kemur vikulega á báðar starfsstöðvar leikskólans og er með söngstund með börnum á eldri deildum. Þegar listamenn dvelja í listamannabúðum á Ólafsfirði er börnunum boðið á sýningar.⁸³ Börnin á Leikskálum hafa aðgang að íþróttahúsi grunnskólans og fara þangað reglulega með kennurum sínum. Börnin heimsækja Síldarminjasafnið á Siglufirði fyrir jólin og einnig vinnustað og sambýli fatlaðra. Þá er Dagur leikskólans nokkuð sýnilegur í bænum að sögn leikskólastjóra.⁸⁴

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Foreldrar fá afhenta foreldrahandbók við upphaf leikskólagöngu barnsins.
- Vel er tekið í óskir foreldra varðandi velferð barna.
- Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Samstarf er á milli Tónskóla Ólafsfjarðar og leikskólans.
- Leikskálar nýta íþróttahús grunnskólans.
- Leikskólinn er þátttakandi í bæjarlífinu og Dagur leikskólans er sýnilegur í bænum.

Tækifæri til umbóta

- Gera fundargerðir og starfsáætlun foreldraráðs aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri í leikskólanum og á heimasíðu hans.
- Gera eina foreldrahandbók fyrir leikskólann.
- Skoða ætti möguleika á að sameina foreldrafélögin í leikskólanum.
- Auka og samræma daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið.
- Gera uppeldisstefnu leikskólans sýnilegri og kynna hana fyrir foreldrum.
- Kynna foreldrum hvaða aðferðir eru viðhafðar í samskiptum við börnin og milli barna.

Skóli án aðgreiningar.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjórinn á Leikhólum sinnir frumgreiningu og sérkennslu á Leikhólum, veitir ráðgjöf til stuðningsaðila og sinnir þjálfun á deildum. Einnig sinnir hann verkefnum sem iðjuþjálfari á Leikskálum.⁸⁵ Sérkennslustjórinn á Leikskálum hefur umsjón með sérkennslu þar og veitir ráðgjöf til stuðningsaðila.⁸⁶

Sérkennslustjórar bera báðar ábyrgð á skipulagi sérkennslu, hvor á sinni starfsstöð, á samskiptum við greiningaraðila og gerð einstaklingsáætlana fyrir þau börn sem njóta sérkennslu. Lögð er áhersla á að vinna með sérkennslubörn í barnahópnum. Foreldrar koma ekki að gerð einstaklingsnámskrár en fá upplýsingar um framfarir á foreldrafundum. Sérkennslustjórar funda með foreldrum og kynna drög að einstaklingsnámskrá og foreldrar geta komið með óskir eða athugasemdir. Foreldrar fylgja eftir einstaklinganámskrám barna sinna heima. Foreldrar barna sem njóta sérstakrar málörvunar eru upplýstir um það í foreldraviðtölum. Teymi er myndað í kringum börn sem eru með greiningu og hittist það reglulega. Sérkennslustjórar eru í tölvusamskiptum við foreldra eftir því sem með þarf.

83 Rýnihópur deildarstjóra á Leikskálum.

84 Viðtal við leikskólastjóra.

85 Vital við sérkennslustjóra á Leikhólum.

86 Viðtal við sérkennslustjóra á Leikskálum.

Sérkennslustjóri á Leikhólum sagðist reyna að fylgjast með hvernig unnið er með börnin á deildum og veitir starfsmönnum ráðgjöf um þjálfun. Hún sagði jafnframt að samstarf við deildarstjóra væri gagnkvæmt og þeir leiti til hennar ef þeir hafi áhyggjur.⁸⁷ Ekki er allt komið í fastan farveg á Leikskálum þar sem aðeins er einn mánuður síðan sérkennslustjórinn þar tók við stöðunni og ekki farið að funda og skipuleggja starfið.⁸⁸ Alltaf er rætt við foreldra ef grunur vaknar um frávík og umsóknareyðublöð eru undirrituð af foreldrum. Í rýnihóp foreldra kom fram að vel væri staðið að vinnu vegna barna með stuðning.⁸⁹

Börn með annað móðurmál en íslensku

Nokkur börn í leikskólanum eiga annað móðurmál en íslensku og vel gengur að eiga samskipti við flesta foreldra að sögn deildarstjóra.⁹⁰ Ekki hefur verið mótuð stefna um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Stjórnendur og deildarstjórar tóku fram að alltaf sé kallaður til símatúlkur í foreldraviðtöl.⁹¹

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með fjölbreytileikann í barnahópnum eða heimameningu allra barna. Helst er að nefna að bangsi fer heim með elstu börnunum á Leikskálum en það verkefni tengist verkefni um Dyggðir sem er einn af grundvallar áherslupáttum í leikskólanum að sögn leikskólustjóra.⁹²

Styrkleikar

- Farið er eftir ákveðnum reglum þegar grunur vaknar um frávík barna.
- Foreldrar eru ánægðir með hvernig staðið er að vinnu vegna barna með stuðning.
- Símatúlkur er kallaður til í foreldraviðtöl vegna foreldra barna með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf verkferla um framkvæmd sérkennslu í leikskólanum.
- Gera þarf ráð fyrir að að foreldrar komi að gerð einstaklingsnámskrár.
- Sjá til þess að foreldrar séu þátttakendur í teymi viðkomandi sérkennslu barns.

Innra mat

Leikskólinn styðst við viðurkennd matstæki til að meta starfið, svo sem ECERS kvarðann og Barnið í brennidepli. Í skólanámskrá er getið um þessi matstæki, auk þess kemur fram þar að notaðir eru sérstakir spurningalistar til að meta samstarf og samskipti leikskólakennara, stjórnun leikskólans, sjálfsmat á starfi leikskólakennara og matráða og mat foreldra á leikskólustarfinu.⁹³ Leikskólinn nýtir þjónustu Skólapúlsins og í viðtali við leikskólustjóra kom fram að síðastliðinn vetur var gerð foreldra- og starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins.⁹⁴ Niðurstöður liggja fyrir og við gerð umbótaáætlunar var byggt á þeim niðurstöðum. Einnig voru niðurstöður úr matstækinu Barnið í brennidepli nýttar í umbótaáætlun fyrir árið 2017-2018.

Umbótum hefur ekki verið fylgt kerfisbundið eftir en að sögn stjórnenda reyna þeir að fylgja umbótaáætlun eftir.⁹⁵ Í viðtali við leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra kom fram að undirbúningur við framkvæmd innra mats á starfsdögum er í þeirra höndum. Leikskólustjóri sér um vinnu við samantekt, skýrslugerð og starfsætlun og kynnir niðurstöður á starfsmannafundi. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru þær kynntar fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar. Eftir það eiga niðurstöður að vera aðgengilegar foreldrum á heimasíðu. Niðurstöður innra mats í starfsáætlun eru ekki aðgengilegar á heimasíðu leikskólans í dag. Á starfsdögum taka deildarstjórar og starfsmenn þátt í að meta innra starf. Deildarstjórar eru hópstjórar og ábyrgir og virkir í umræðunni. Deildarstjórar eru einnig þátttakendur

87 Viðtal við sérkennslustjóra á Leikhólum.

88 Viðtal við sérkennslustjóra á Leikskálum.

89 Rýnihópur foreldra á Leikhólum.

90 Rýnihópur deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

91 Viðtal við stjórnendur og rýnihópur deildarstjóra á báðum starfsstöðvum.

92 Viðtal við leikskólustjóra.

93 Skólanámskrá leikskólans.

94 Skólapúlsinn.

95 Viðtal við leikskólustjóra.

Í að vinna að umbótum ásamt öðrum starfsmönnum að sögn leikskólastjóra.⁹⁶ Í skólanámskrá kemur ekki fram nánari skilgreining á einstökum þáttum er varðar innra mat, svo sem áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann, helstu leiðum sem farnar eru við að meta innra starf. Einnig hvernig markmið eru metin eða hve oft og hvernig viðmið eru skilgreind um árangur sem stefnt er að eins og aðalnámskrá leikskóla greinir frá.⁹⁷ Sjálfsmatsskýrslu er skilað með starfsáætlun.

Styrkleikar

- Leikskólinn styðst við viðurkennd matstæki til að meta innra starf leikskólans.
- Við gerð umbótaáætlunar var byggt á niðurstöðum úr innra mati.
- Deildarstjórar eru ábyrgir og virkir í vinnu við innra mat.
- Sjálfsmatsskýrslu er skilað með starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur þurfa að sjá til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.
- Stjórnendateymi verði gert ábyrgt við undirbúning og skipulagningu á innra mati og ákvarðanatöku um hvað er metið hverju sinni.
- Við endurskoðun á skólanámskrá verði gerð grein fyrir innra mati. Þar komi fram hvernig meta á markmið leikskólans og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera þarf áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann.

96 Viðtal við leikskólastjóra.

97 Aðalnámskrá leikskóla.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsmanna		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskóla Fjallabyggðar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi og markmið fyrir leikskólann.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnanna.
- Lögð er markviss áhersla á lífsleikni og jákvæðan sjálfsaga.
- Leikskólinn hefur mótað sér læsistefnu.
- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir börnin.
- Áherslur í skólustefnu Fjallabyggðar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Stjórnendur eru boðaðir á fundi Fræðslu- og frístundanevndar sveitarfélagsins þegar málefni leikskólans eru til umræðu.
- Góð samvinna er við félagsþjónustu sveitarfélagsins.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Gerðar eru slysaskráningar í leikskólanum.
- Áætlun um viðbrögð við áföllum hefur verið skráð.
- Áætlun er til vegna upphafs leikskólagöngu barna.
- Mótuð hefur verið jafnréttisstefna.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega.
- Símenntunaráætlun er unnin út frá áhuga starfsmanna og þörfum leikskólans.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.
- Umhverfi leikskólans býður upp á möguleika til útináms.
- Góð aðstaða er til hreyfileikja í sal á Leikhólum og á gangi og kubbavæði á Leikskálum.
- Lögð er áhersla á að efla heilbrigði og vellíðan með reglulegri útiveru, hreyfingu og matarræði.
- Áhersla er á markvisst læsinnám með eldri börnunum.
- Frjálsum leik er gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Ritmál er sýnilegt á veggjum eldri deilda.
- Starfsmenn sýna börnum virðingu og jákvætt viðmót.
- Samskipti barna eru jákvæð, gleði ríkti í leiknum og börnunum líður vel.
- Starfsmenn yngri deilda sinntu börnunum af umhyggju.
- Börnin eru sjálfsörugg og glöð, frísk og áræðin.

- Leikskólinn nýtir sér viðurkenndar matsaðferðir við mat á námi og framförum barna.
- Upplýsingar um börn með sérþarfir eru í markvissum farvegi.
- Foreldrar eru ánægðir með líðan barna í leikskólanum.
- Námsefni tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna á eldri deildum.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar fá afhenta foreldrahandbók við upphaf leikskólagöngu barnsins.
- Vel er tekið í óskir foreldra varðandi velferð barna.
- Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Samstarf er á milli Tónskóla Ólafsfjarðar og leikskólans.
- Leikskálar nýta íþróttahús grunnskólans.
- Leikskólinn er þátttakandi í bæjarlífinu og Dagur leikskólans er sýnilegur í bænum.
- Farið er eftir ákveðnum reglum þegar grunur vaknar um frávík barna.
- Foreldrar eru ánægðir með hvernig staðið er að vinnu vegna barna með stuðning.
- Símatúlkur er kallaður til í foreldraviðtöl vegna foreldra barna með annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn styðst við viðurkennd matstæki til að meta innra starf leikskólans.
- Við gerð umbótaáætlunar var byggt á niðurstöðum úr innra mati.
- Deildarstjórar eru ábyrgir og virkir í vinnu við innra mat.
- Sjálfsmatsskýrslu er skilað með starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf áherslu á að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í leikskólanum.
- Gera þarf umbætur á útileiksvæði beggja húsa.
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri starfsmönnum og foreldrum.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Samræma þarf starfsaðferðir milli starfsstöðva.
- Uppfæra þarf skólanámskrá með tilliti til áherslna í aðalnámskrá leikskóla.
- Starfsáætlun skal vinna í samvinnu við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra.
- Gera þarf framkvæmdaáætlun til eins eða fleiri ára með markmiðum og leiðum.
- Skrá ætti verkferla vegna slysa og hafa sýnilega á deildum leikskólans.
- Öryggis- og rýmingaráætlun ætti að vera sýnileg á öllum deildum leikskólans og gera þarf rýmingaræfingar reglulega.
- Æskilegt væri að skrá verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.
- Endurskoða ætti samstarfssamning stjórnenda með tilliti til viðveru þeirra á starfsstöðvum, verkaskiptingu og upplýsingagjöf.
- Æskilegt væri að endurmeta stjórnunarhlutfall í leikskólanum.
- Leita ætti leiða til að auka sýnileika beggja stjórnenda á báðum starfsstöðvum.

- Skýra ætti upplýsingaferli milli stjórnenda og starfsmanna.
- Leita þarf leiða til að bæta starfsanda, traust og trúnað í leikskólanum (báðum starfsstöðvum).
- Efla þarf samvinnu starfsmanna milli starfsstöðva.
- Gera ætti skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann og skrá hlutverk, verkaskiptingu og ábyrgðarsvið stjórnenda.
- Vinna þarf að auknu samstarfi milli deilda á báðum starfsstöðvum.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist með námi og starfi í því skyni að veita starfsmönnum endurgjöf.
- Leita ætti leiða til að veita stjórnendum aðgengi að ráðgjöf og stuðningi frá utanaðkomandi sérfræðingum.
- Leggja þarf áherslu á markvisst útinám.
- Bæta og auka þarf aðgengi barna að leikefni á yngstu deildum og auka fjölbreytni þess.
- Samræma starfsaðferðir og dagskipulag milli deilda á hvorri starfsstöð fyrir sig og gera það sýnilegt foreldrum og starfsmönnum.
- Samræma þarf markvissa vinnu með Uppeldi til ábyrgðar í öllum leikskólanum.
- Auka markvisst þátttöku barna í ákvarðanatöku.
- Gefa börnunum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Gera bækur aðgengilegri börnum á yngri deildum og auka fjölbreytni.
- Auka þarf þekkingu starfsmanna á vinnu með yngstu börnunum.
- Samræma þarf upplýsingar til foreldra í leikskólanum.
- Æskilegt væri að taka upp uppeldislegar skráningar í leikskólanum.
- Gera fundargerðir og starfsáætlun foreldraráðs aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri í leikskólanum og á heimasíðu hans.
- Gera eina foreldrahandbók fyrir leikskólann.
- Skoða ætti möguleika á að sameina foreldrafélögin í leikskólanum.
- Auka og samræma daglegar upplýsingar til foreldra um börnin og starfið.
- Gera uppeldisstefnu leikskólans sýnilegri og kynna hana fyrir foreldrum.
- Kynna foreldrum hvaða aðferðir eru viðhafðar í samskiptum við börnin og milli barna.
- Gera þarf verkferla um framkvæmd sérkennslu í leikskólanum.
- Gera þarf ráð fyrir að að foreldrar komi að gerð einstaklingsnámskrár.
- Sjá til þess að foreldrar séu þátttakendur í teymi viðkomandi sérkennslu barns.
- Stjórnendur þurfa að sjá til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.
- Stjórnendateymi verði gert ábyrgt við undirbúning og skipulagningu á innra mati og ákvarðanatöku um hvað er metið hverju sinni.
- Við endurskoðun á skólanámskrá verði gerð grein fyrir innra mati. Þar komi fram hvernig meta á markmið leikskólans og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Gera þarf áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskóla Fjallabyggðar leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf sem er í góðu samræmi við áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsmenn leggja metnað sinn í að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Börnunum líður vel eru sjálförugg og frjálsgleg. Foreldrarnir eru almennt ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er gott sem og samstarf leikskólans við íþróttahús og tónskóla Fjallabyggðar. Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu. Áfram þarf að leita leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa. Skoða þarf verkaskiptingu stjórnenda og upplýsingagjöf þeirra til starfsmanna. Auka þarf áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Æskilegt væri að leita leiða til að sameina Leikskóla Fjallabyggðar meira sem einn leikskóla. Samræma þarf starfsaðferðir milli starfsstöðva í leikskólanum og leita leiða til að auka faglegt samstarf og samvinnu. Endurskoða þarf skólanámskrá fyrir sameinaðan leikskóla með þátttöku barna, foreldra og starfsmanna. Auka þarf innra mat leikskólans og tryggja að raddir allra viðkomandi aðila heyrist.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 6. október 2017.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Deildarstjóri Fræðslu-, frístunda- og menningarmála. Tölvupóstur 11. október 2017.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Fjallabyggðar. Sótt á vef 6. október 2017.

Slóðin er: <https://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/stjornskipulag/fjolskyldudeild/felagsthjonusta/malefni-fatladra/thjonusta-vid-fotlud-born-og-fjolskyldur-theirra>

Leikskóladagatal leikskólans 2017-2018.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Námskrá Leikskóla Fjallabyggðar. Sótt á vef 11. október 2017.

Slóðin er: <http://www.leikskalar.leikskolinn.is/leikskalar/namskra15.pdf>

Skólapúlsinn. Foreldra- og starfsmannakönnun 10. apríl 2017. Gögn frá leikskólastjóra.

Viðtöl:

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra á Leikskálum og Leikhólum.

Viðtal við rýnihóp barna á Leikhólum.

Viðtal við rýnihóp barna á Leikskálum.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra á Leikhólum.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra á Leikskálum.

Viðtal við rýnihóp foreldra á Leikhólum.

Viðtal við rýnihóp foreldra á Leikskálum.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna á Leikhólum.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna á Leikskálum.

Viðtal við sérkennslustjóra á Leikhólum.

Viðtal við sérkennslustjóra á Leikskálum.

